



MEISTARAMÓT GR 2022 KEPPNISSKILMÁLAR

- Mótið er innanfélagsmót. Leikfyrirkomulag mótsins er höggleikur án forgjafar:
 - Eftirfarandi flokkar spila höggleiksafbrigði þannig að hámarkshöggafjöldi á hverri holu eru 10 högg, þegar leikmaður er búinn með 10 högg á holu er boltinn tekinn upp og skrifað 10 högg á viðkomandi holu.
 - Flokkarnir með hámarkshöggafjölda eru:
 - 3., 4. og 5. flokkar karla og kvenna
 - 50+ karla forgjöf hærrí en 10,4
 - 50+ kvenna forgjöf hærrí en 16,4
 - 70+ flokkar karla og kvenna
 - Allir unglíngaflokkar.
- Hver flokkur leikur 18 holur á dag. Þeir flokkar sem byrja á sunnudegi leika 54 holur en þeir flokkar sem hefja leik á miðvikudegi leika 72 holur. Sjá ítarlegar upplýsingar á www.grgolf.is undir „Félagsstarf -> Meistaramót“ um skiptingu flokka og leikdaga.
- Leikið er á báðum völlum klúbbsins í öllum flokkum. Sjá vallarmat á öllum völlum GR á grgolf.is, undir golfvellir.
- Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki. Verðlaun verða afhent í mótslok, lokahóf/verðlaunaafhending unglíngaflokka verður haldið í klúbbhúsi Grafarholts á þriðjudagskvöldi, lokahóf/verðlaunaafhending fyrir aðra flokka verður haldið í klúbbhúsi Korpunnar að móti loknu á laugardagskvöldi.
- Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í verðlaunasæti, skulu keppendur leika bráðabana til úrslita.
- Hámarkstími:** Leika skal eftir opinberum leikhraðareglum GR sem hanga á upplýsingatöflu golfskála.
- Golfbílar í meistaraflokki karla og kvenna eru ekki leyfðir nema gegn læknisvottorði.
- Skráning á skori fer fram rafrænt í síma gegnum skorkóða sem keppendur fá sendan. Einn keppandi skráir fyrir alla í ráshópnum, annar meðlimur ráshóps skráir skor á skorkort fyrir alla í ráshópnum. Strax að leik loknum skulu allir meðlimir ráshóps yfirfara skráð skor til staðfestingar. Skila skal skorkorti í golfverslun eins fljótt og hægt er.

Mótsstjórn.